

Sambandsþing LUF 25. febrúar 2023

Háskóli Íslands (HT-102), kl. 13:00-16:00

Þing sett klukkan 13:26

Dagskrá

1. Þingsetning og kosning þingforseta

- Geir Finnsson forseti LUF setur þingið með ávarpi.
- Forseti leggur fram tillögu stjórnar að þingforseta: *Sigurður Sigurðsson fyrrverandi forseti LUF*.
 - Samþykkt.
- Þingforseti tekur til starfa og ber dagskrárdrög undir þingið til samþykktar.
 - Samþykkt.

2. Kosning þingritara og kjörbréfanefndar

- Þingforseti leggur fram tillögur stjórnar að þingritara og kjörbréfanefnd:
 - Til þingritara leggur stjórn til Huginn Þór Jóhannsson, ritara LUF.
 - Samþykkt.
 - Til kjörbréfanefndar leggur stjórn til Tinnu Isebarn, framkvæmdastjóra LUF og Sigurð Helga Birgisson, lögmann LUF og óskar eftir einum til viðbótar af þingfulltrúum (frá félagi sem er ekki með fulltrúa í framboði) sem gefur sig fram.
 - Bjarki Fjalar frá ELSA á Íslandi býður sig fram.
 - Samþykkt.
- Kjörbréfanefnd tekur starfa. Sigurð Helga Birgisson, lögmann LUF, og fulltrúa kjörbréfanefndar í pontu til að greina frá gildum atkvæðum og skiptingu atkvæða.
 - Sigurður Helgi fer stuttlega yfir tæknilegar hliðar rafrænu kosningarinnar, þ.e. gerir fólki grein fyrir því að það fái rafrænan kjörseðil á það tölvupóstfang sem það gaf upp við skráningu, þurfi að gera breytingar á tölvupóstföngum skuli þingfulltrúar tilkynna tímalega.

3. Inntaka nýrra aðildarfélaga

- Sigurður Helgi Birgisson, lögmaður LUF, kynnir þau félög sem hlutu áheyrnaraðild á starfsárinu, þ.e. Samband ungra sjálfstæðismanna, Sk8roots, UngSaft og Ungliðahreyfing Íslandsdeildar Amnesty International. Einnig kynnir hann umsóknir um fulla aðild sem liggja fyrir sambandsþingi til samþykktar.
- Umsóknir um fulla aðild:
 - Q-félagið
 - Sóla, fulltrúi Q-félagsins kynnir félagið í pontu.
 - Sigurður Helgi Birgisson lögmaður LUF gerir grein fyrir ályktun stjórnar um umsókn Q-félagsins um fulla aðild að LUF. Stjórn telur félagið uppfylla aðildarskilyrði.
 - Umsókn lögð undir þingið til samþykktar.
 - Aðild Q-félagsins samþykkt einróma.
 - Samband ungra sjálfstæðismanna (SUS);
 - Lísbet Sigurðardóttir, forseti SUS kynnir félagið í pontu.
 - Sigurður Helgi Birgisson lögmaður LUF gerir grein fyrir ályktun stjórnar um umsókn SUS um fulla aðild að LUF. Stjórn telur félagið uppfylla aðildarskilyrði.
 - Umsókn lögð undir þingið til samþykktar.
 - Aðild SUS samþykkt einróma.

4. Skýrsla stjórnar lögð fram til umræðu

- Geir Finnsson forseti LUF kynnir helstu verkefnið sem unnin voru á starfsárinu.
- Jessý Jónsdóttir alþjóðafulltrúi LUF kynnir alþjóðastarfið.
- Þingforseti opnar fyrir umræðu.
 - Engar umræður eiga sér stað

5. Ársreikningar lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu

- Sýlvía Martinsdóttir gjaldkeri LUF leggur fram ársreikning 2022 og greinir frá fjárhagsstöðu félagsins.
- Umræða: Þingforseti opnar fyrir umræðu.
 - UP taka þátt í umræðu.

- Þingforseti leggur ársreikning fram til atkvæðagreiðslu.
 - Samþykkt einróma.

6. Tillaga að framkvæmdaáætlun lögð fram til umræðu

- Tinna Isebarn framkvæmdastjóri LUF kynnir tillögu fráfarandi stjórnar að framkvæmdaráætlun.
- Þingforseti opnar fyrir umræðu.
 - Engin umræða á sér stað.

7. Kjör ungmennafulltrúa Íslands hjá SP á sviði mannréttinda

- *Alls bárust 6 framboð í embættið. Þingforseti tilkynnir að hver framboðandi fái 2 mín. til að kynna sig í pontu.*
- Í framboði er:
 - Íris Björk Ágústsdóttir, fulltrúi AFS
 - Unnur Lárusdóttir, SÍNE
 - Askur Hrafn Hannesson, Ungliðahreyfing Íslandsdeildar Amnesty International
 - Fönn Hallsdóttir, Ungmennráð UN Women
 - Sunna Dögg Ágústsdóttir, Ungmennaráð Þroskahjálpar
 - Sólveig Ástudóttir Daðadóttir, Q-félag hinsegin stúdenta
- Rafræn kosning framkvæmd af kjörbréfanefnd.
 - Bjarki Fjalar kynnir niðurstöðu: 67 atkvæði greidd.
 - Unnur Lárusdóttir (SÍNE) hlýtur kosningu fulltrúa
 - Sólveig Ástudóttir Daðadóttir (Q-Félagið) verður varafulltrúi

8. Árgjald

- Sýlvía Martinsdóttir gjaldkeri LUF leggur fram tillögu að óbreyttu árgjaldi, 5.000 kr. á ári.
- Umræða og kosning.
 - UP, UngAmnesty, Ung Norræn taka til umræðu og svör berast frá starfsfólki LUF.
 - UP og Q-félagið greiða atkvæði á móti.

- Samþykkt með meirihluta.

9. Tillögur og ályktanir teknar til umræðu og atkvæðagreiðslu

- Engar tillögur eða ályktanir eru lagðar til að þessu sinni.
- Þingforseti leggur því til að vikið sé að næsta dagskrárlið.

10. Lagabreytingatillögur

- Þingforseti gerir þingfulltrúum grein fyrir því að á meðan afgreiðslu lagabreytinga stendur yfir er salnum lokað. Sé það gert til að hægt sé að halda utan um réttan fjölda viðstaddra atkvæða, þar sem lagabreytingartillögur þarfnast $\frac{2}{3}$ viðstaddra atkvæða. Sé þess þörf að þingfulltrúi þurfi að yfirgefa salinn og hann sé án varafulltrúa þá verður viðkomandi að skila inn atkvæðaspjaldi sínu á meðan fjarvist viðkomandi stendur.
 - Þingforseti framkvæmir nafnakall.
- Þingforseti Kynnir Viktor Lorange varaforseta í pontu til að kynna og afgreiða lagabreytingatillögur stjórnar.
- Lagabreytingatillögur:
 - 1. gr.
 - Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - 2. gr.
 - Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - 3. gr.
 - Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - 4. gr.
 - Stjórn dregur breytingartillögu á f-lið eftir umræður.
 - Lagt er til kosningar að f-liður 4. greinar haldist óbreyttur og einungis sé kosið um g-lið
 - Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - 5. gr. - 14. gr. - 17. gr. - 35. gr.
 - Samþykkt með meirihluta atkvæða.
 - Samfés situr hjá.
 - 19. gr.
 - Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
 - 20. gr.
 - Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

- SHÍ situr hjá.
- 21. gr.
 - Samþykkt með meirihluta greiddra(40) atkvæða.
 - UP greiðir atkvæði á móti (3).
 - UJ UE UNICEF UU UF sitja hjá (12).
- 22. gr.
 - Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða
 - Ungir fjárfestar sitja hjá.
- 23. - 24. - 25. - 26. - 27. - 28. - 29. - 30. gr.
 - Samþykkt með 44 greiddum atkvæðum.
 - SUB og UF sitja hjá (3).
- 34. gr.
 - Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.
 - Ungir fjárfestar sitja hjá.
- Lögin í heild sinni
 - Móti: Enginn.
 - Sitja hjá: Ungir Fjárfestar.
 - Samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

11. Þingforseti tilkynnir að framboðsfrestur til forseta, varaforseta, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna sé útrunninn.

- Þingforseti tilkynnir framboðsfrest útrunninn.

12. Kynning á skipan leiðtoga ráðs

- Viktor Lorange, varaforseti LUF og oddviti ráðsins, kynnir fulltrúa leiðtoga ráðs fyrir starfsárið 2021-2022 með vísan í ársskýrslu. Óskar hann eftir að aðildarfélögin tilkynni um breytingar ef einhverjar eru.

13. Kosning formanns, varaformanns, gjaldkera, ritara, alþjóðafulltrúa, tveggja meðstjórnenda og tveggja varamanna

Þingforseti tilkynnir að hver frambjóðandi fái 2 mín. til að kynna sig í pontu.

- Í framboði til forseta eru:

- Geir Finnsson, Uppreisn
- S. Maggi Snorrason, SÍF
- Þingforseti minnir á að kosningin sé rafræn og aðalfulltrúar fá kjörseðil sendan á það tölvupóstfang sem gefið var upp við skráningu.
- Kosning.
- Bjarki Fjalar tilkynnir úrslit f.h. kjörbréfanefndar.
 - *Geir Finnsson* hlýtur endurkjör sem forseti LUF
- Í framboði til **varaforseta** eru:
 - Eva Brá Önnudóttir, Ung norræn
 - S. Maggi Snorrason, SÍF
- Kosning.
- Bjarki Fjalar tilkynnir úrslit f.h. kjörbréfanefndar.
 - *Eva Brá Önnudóttir* hlýtur kjör sem varaforseti LUF
- Í framboði til **gjaldkera** eru:
 - Sýlvía Martinsdóttir, UE
 - Ef ekkert mótframboð berst telst frambjóðandinn sjálfkjörinn og leggur þingforseti til að kjörið sé staðfest með lófaklappi.
 - *Sýlvía Martinsdóttir* hlýtur kjör sem gjaldkeri LUF
- Í framboði til **ritara** eru:
 - Birta Karen Tryggvadóttir, SUS.
 - Ef ekkert mótframboð berst telst frambjóðandinn sjálfkjörinn og leggur þingforseti til að kjörið sé staðfest með lófaklappi.
 - *Birta Karen Tryggvadóttir* hlýtur kjör ritara LUF.
- Í framboði til **alþjóðafulltrúa** eru:
 - Jessý Jónsdóttir, SÍNE
 - Ef ekkert mótframboð berst telst frambjóðandinn sjálfkjörinn og leggur þingforseti til að kjörið sé staðfest með lófaklappi.
 - *Jessý Jónsdóttir* hlýtur kjör alþjóðafulltrúa LUF.
- Í framboði til **meðstjórnanda** eru:
 - Geir Zoëga, Samfés

- Gunnar Ásgrímsson, SUF
- Hrefna Árnadóttir, UF
- Rafræn kosning
 - Bjarki Fjalar tilkynnir úrslit kosninga f.h. kjörbréfanefndar.
 - *Geir Zoëga* hlaut kjör meðstjórnanda LUF og
 - *Gunnar Ásgrímsson* hlaut einnig kjör meðstjórnanda LUF.
- Í framboði til **varamanna** í stjórn eru:
 - Marinó Örn Ólafsson, UJ
 - Laufey María Jóhannsdóttir, Ungir fjárfestar
 - Ef ekki berast fleiri framboð teljast frambjóðendur sjálfkjörnir og leggur þingforseti til að kjörið sé staðfest með lófaklappi.
 - *Marinó Örn Ólafsson* og *Laufey María Jóhannsdóttir* hljóta kjör varamanna stjórnar LUF.

14. Kosning skoðunarmanna reikninga

- Fráfarand stjórn LUF leggur fram tillögu að skoðunarmönnum reikninga:
 - Söru Þöll Finnbogadóttur og Sigurð Sigurðsson.
- Samþykkt.

15. Önnur mál

- Þingforseti felur nýkjörnum/endumkjörnum forseta að slíta þingi.
 - Þingi slitið kl. 17:05

Huginn Þór Jóhannsson, ritari LUF, ritaði þinggerð.